Gerð er grein fyrir efnagreiningaraðferðum og efnagreiningartækjum efnarannsóknastofu í töflu 3.

Tafla 3. Efnagreiningaraðferðir og efnagreiningartæki.

Mælipáttur	Efnagreiningaraðferð	Efnagreiningartæki
Ammóníak (NH ₄ -N)	FIA	Tecator 5012, Foss Tecator, Sollentuna, Sverige
Fosfat (PO ₄ -P)	FIA	Tecator 5012, Foss Tecator, Sollentuna, Sverige
t-N og t-P	Oxun með kalíumperoxodisulfat. FIA	Tecator 5012, Foss Tecator, Sollentuna, Sverige
Katjónir (málmar)	ICP/MS-DRC	Elan 6100, PerkinElmer, Norwalk, Connecticut, USA
Lífrænt kolefni (TOC)		TOC-5000, Shimadzu, Kyoto, Japan

Næmni efnagreininga og skekkjumörk

Skekkjumörk efnagreininganna eru gefin sem 95% öryggismörk í samræmi við leiðbeiningar Alþjóðlegu staðlasamtakanna (ISO) (GUM 1995). Næmni ákvarðast út frá skekkjumörkum þannig að ef efnagreining er lægri en skekkjumörkin þá er talan framsett sem <skekkjumörkin. Skekkjumörk og næmni geta því verið mismunandi frá

einni mælingu sama efnis til annarrar jafnframt því að þau hækka jafnan með hækkandi mæligildi.

Meðferð gagna og túlkun

Þýði þar sem koma fyrir einstök gildi sem eru margfalt hærri en meðaltal annarra gilda sama efnis eru líklegri til að vera lognormaldreifð en normaldreifð. Sérstaklega getur þetta átt við um torleyst efni, s.s. málma. Ástæða slíkrar dreifingar eru m.a. vatnavextir en samfara þeim er meira um gruggagnir í ánum. Ef notað er meðaltal til að lýsa miðsækni fyrir slík gildi vege einstök fráviksgildi of mikið og leiða þannig til villandi niðurstöðu og oft lakari flokkunar en efni standa til. Sérstaklega á þetta við þegar tiltölulega fá sýni eru lögð til grundvallar flokkuninni eins og hér er gert.

Geometriskt meðaltal er lægra en hefðbundið meðaltal, sérstaklega þegar einstaka mjög há gildi koma fyrir. Í fullkomlega normaldreifðu þýði er meðaltal það sama og miðgildi og í fullkomlega lognormaldreifðu þýði eru geometriskt meðaltal jafnt og miðgildi.

Gerð var Shapiro & Wilk W-tölfræðiprófun á talnagildum þeirra niðurstaðna sem notuð voru til flokkunar ána til að meta hvort frekar væri um normal- eða lognormaldreifð þýði að ræða. Gæfi prófunin til kynna lognormaldreifingu ($\alpha=0,01$) og frávikshlutfall² viðkomandi gilda var 1,2 eða meira (sjá R.O. Gilbert 1987) var miðsæknin ákvörðuð út frá geómetrísku meðaltali³. Væri frávikshlutfallið hinsvegar lægra eða prófunin benti til normaldreifingar var meðaltal notað. Styrkur saurbaktería í yfirborðsvatni er jafnan lognormal dreifður og er því notast við geometriskt meðaltal fyrir saurkólí og enterókokka óháð útkomu prófunarinnar. Þessi sérregla fyrir saurbakteríur breytti einungis meðferð gagna fyrir saurkólíabakteríur á stöð E2 í austurkvísl Elliðaána en almenna reglan hefði þar átt að leiða til notkunar á meðaltali fyrir saurkólí. Í öðrum tilvikum var notast við meðaltal, m.a. þegar ekki var hægt að ákvarða líklega dreifingu vegna hás hlutfalls gilda undir greiningarmörkum (kadmíum) og þar sem tölfræðiprófunin gaf ekki marktæka niðurstöðu, þ.e. þegar dreifingin var hvorki normal né lognormal. Gildi fyrir heildarköfnunarefni í sýni úr Suðurá þann 25. ágúst var sleppt við útreikning meðaltals. Sýnið er talið hafa mengast í meðförum þar sem köfnunarefnisstyrkur þess var um 50 sinnum hærri en meðalstyrkur annarra sýna úr ánni án þess að tiltæk skýring lægi fyrir.

Í töflu J í viðauka er gefið yfirlit yfir niðurstöður W-prófunar Shapiro & Wilk, frávikshlutfalla og þeirra miðsæknigilda⁴ sem notuð voru.

Í köflum hér á eftir er ekki gerður frekari greinamunur á meðaltali og geómetrísku meðaltali heldur einungið notast við orðið meðaltal til að lýsa því miðsæknigildi sem um er rætt hverju sinni.

Við útreikninga í skýrslunni eru mæligildi sem eru undir greiningarmörkum meðhöndluð sem talnagildi greiningarmarkanna.

² Fráviksgildi (e: coefficeint of variation) = Staðalfrávik deilt með meðaltali.

³ Geometriskt meðaltal = $10^{(\sum \log x)/n}$ eða $10^{(\sum \log(x+1))/n} - 1$ ef núllgildi koma fyrir. Lítið x er mæligildi og n er fjöldi mæligilda.

⁴ Miðsæknigildi = Gildi sem best lýsir miðsækni í tilteknu þýði. Hægt er m.a. að áætla miðsæknigildi með meðaltali, geómetrísku meðaltali, miðgildi eða tíðasta gildi.

Aukastöfum talna í töflum hefur verið fækkað í framsetningu. Útreikningar eru hinsvegar gerðir á tölunum án fækkunar. Því gætir ekki alltaf fullkomins samræmis í útreiknuðum gildum sem sýnd eru í töflum.

Rannsóknapættir

Næringarefni

Næringarefni í náttúrunni

Náttúrulegur fosfór er upprunninn úr bergi en náttúrulegt köfnunarefni að langmestu leyti úr andrúmsloftinu. Fosfór leysist upp við efnaveðrun en náttúrulegt köfnunarefni verður aðallega til með köfnunarefnisbindingu vissra örvera sem geta breytt köfnunarefni andrúmsloftsins í vatnsleysanleg köfnunarefnissambönd og fyrir tilstilli eldinga.

Næringarefnamengun

Næringarefnamengun er oft af völdum skólplösunar og notkunar og meðferðar á lífrænum og ólífrænum áburði í landbúnaði. Ofanvatn í þéttbýli getur einnig tekið með sér talsvert af næringarefnum úr gördum og opnum svæðum og úrkoma ber með sér næringarefnamengun, aðallega köfnunarefni. Ammóníak (NH_4^+ -N) og fosfat (PO_4^{3-} -P) geta stundum gefið vísbendingu um nálægar uppsprettur næringarefnamengunar.

Ammóníak myndast við niðurbrot lífræns efnis, m.a. próteina og þvagefnis og er t.d. mikið af því í skólpi og húsdýraáburði. Aðaluppsprettur ammóníaks í vötnum eru frá landbúnaði og berst það ýmist í vötnin með ofanvatni eða niðurburði úr andrúmsloftinu. Bæði þörungar og plöntur geta notað ammóníak sem næringarefni en ójónað ammóníak (NH_3) er hinsvegar eittrað vatnalífverum í litlum styrk (V.P. Evangelou 1998), m.a. fiskum. Hlutfall ójónaðs ammóníaks er því hærra sem pH og hitastig er hærra. Þegar súrefni er til staðar er ammóníak óstöðugt og oxast af völdum örvera yfir í nítat (NO_3^-).

Þáttur næringarefna í vistkerfinu

Næringarefni geta sagt til um vistfræðilegt ástand vatna og eru þau einnig góður mælikvarði á ýmsar tegundir mengunar.

Efnasambönd fosfórs (P) eru torleyst í vatni en köfnunarefnis fremur auðleyst. Mun meira getur því verið af köfnunarefni en fosfór í vatni. Köfnunarefni og fosfór eru lífsnauðsynleg þörungunum sem hafa þau að geyma í hlutföllunum 7,2:1 (vikt) (Steven C. Chapra 1997). Fosfór og köfnunarefni (N) er nauðsynlegt öllum gróðri til vaxtar en geta verið takmarkandi fyrir vöxt vatnaþörunga við venjulegar aðstæður. Fosfat er það form fosfórs sem vatnagróðurinn getur nýtt sér. Oft er það fosfór sem er takmarkandi fyrir þörungavöxt. Þegar svo stendur á er venjulega lítið sem ekkert af fosfati í uppleystu formi því það er torleyst og notað jafnóðum af þörungunum. Fosfat (PO_4) er torleyst þegar nægt súrefni er til staðar. Þá gengur það í torleyst efnasambönd, aðallega með járn (Fe) og áli (Al) og fellur til botns og hefur því tilhneigingu til að safnast fyrir í seti. Í mörgum vötnum með langvarandi mikla næringarefnaíkomu verður til næringarefnaforði á botninum sem stöðugt sér

þörungum og vatnablöntum fyrir næringu (Marten Scheffer 1998). Þetta á sérstaklega við um grunn vötn eða vötn þar sem súrefni gengur til þurrðar við botninn.

Þar sem bæði fosfór og köfnunarefni er að finna í skólpi, eru notuð til áburðar, t.d. við túnækt og finnast í ofanvatni frá byggð, eykst framboð þeirra í vatninu þegar mannlegra áhrifa gætir. Aukningin hleypir vexti í þörunga- og plöntugróðurinn og getur valdið neikvæðum breytingum á vistkerfi vatna verði hún of mikil. Neikvæðu breytingarnar felast venjulega í offjölgun þörunga og einhæfara vistkerfi (ofauðgun) og gangi þær langt getur orðið súrefnisleysi í neðri lögum stöðuvatna með tilheyrandi dauða lífvera sem þola ekki þannig ástand. Við slíkar aðstæður leysist upp fosfór sem safnast hefur fyrir í setinu og getur setið orðið viðvarandi fosfórupspretta í stað þess að vera fosförgildra eins og áður en breytingarnar urðu. Af þessum ástæðum sýna stundum mikið menguð grunn stöðuvötn einkenni ofauðgunar löngu eftir að upprunalegu mengunarupspretturnar hafa verið upprættar.

Lífrænt efni

Öll efnasambönd sem eru að grunnuppbyggingu úr kolefni (C) og vetni (H) teljast lífrænt efni. Náttúrulegt lífrænt efni er upprunalega tilkomið vegna myndunar þess af frumbjarga lífverum. Þaðan hefur það gengið inn í fæðukeðjuna og getur borist í vötn frá hvað hluta hennar sem er, einnig af landi og með mengun frá mannlegri starfsemi. Til lífrænna efna teljast enn fremur ýmis “gerviefni” s.s. plast- og jarðolíuefni. Tilvist þeirra í vötnum er nær eingöngu vegna mengunar frá mannlegri starfsemi og athöfnum. Í skólpi er mjög mikið af lífrænu efni og augljósustu merki mikillar skólpmengunar í vatni eru af völdum lífrænu efnanna (bakteríutaumar). Mengun af völdum lífrænna efna felst m.a. í auknu álagi á vistkerfið þegar þau brotna niður. Við niðurbrotið er súrefni vatnsins notað en það endurnýjar sig yfirleitt hægt. Fosfór og köfnunarefni berast þá einnig út í vatnið og örva frumframleiðslu gróðurs á enn meira lífrænu efni. Heildar lífrænt kolefni (TOC) er kolefnishluti lífræns efnis.

Örverumengun

Saubakteríur eiga uppruna sinn í saur manna og dýra með heitt blóð. Magn þeirra í vatni er því beinn mælikvarði á saurmengun vatnsins. Vatnið er hins vegar ekki kjörlendi saurbaktería og þær tína ört tölunni eftir að iðrunum sleppir. Magn saurbaktería getur því hafa minnkað talsvert þegar þær eru lengi að berast frá upprunastaðnum á sýnatökustaðinn. Þeir þættir sem helst eiga þátt í dauða saurbaktería í vatni eru sólarljósið, selta, hitastig og afát. Dauðatíðni er að jafnaði meiri að sumarlagi vegna meiri birtu og hitastigs. Venjulega er lítið um saurbakteríur í ómengduðu yfirborðsvatni. Villt spendýr eru fá á Íslandi og því ólíklegt að saurbakteríur frá þeim mælist oft í vatni. Fuglar eru mun algengari og sumar tegundir þeirra halda sig á vötnum eða við vötn. Í vötnum sem eru ósnortin af mönnum er því líklegra að finna saurbakteríur úr fuglum. Hinsvegar þarf mikið fuglalíf eða óvenju vatnslítið og kyrrstætt vatn til að saurbakteríur fugla mælist í einhverjum mæli. Ef ekki eru sérstakar aðstæður við tiltekið vatn hvað þetta varðar má ætla að saurbakteríurnar stafi að langmestu leyti af saurmengun af manna völdum, ýmist frá mönnum sjálfum eða hús- og gæludýrum þeirra.

Málmar

Málmar í náttúrunni

Málmar eru fremur torleystir í vatni og því frá náttúrunnar hendi í litlum styrk í upplausn og teljast því flestir snefilefni. Þeir geta hinsvegar verið til staðar í föstu formi, aðallega bundnir öðrum efnum. Náttúrulegur styrkur þeirra ræðst að talsverðu leyti af jarðfræði og jarðvegsgerð viðkomandi svæðis en sýrustig og magn lífrænna efna í vatninu hafa einnig áhrif á styrk þeirra svo og á eiturvirkni. Þótt sumir málmar séu nauðsynlegir lífverum hafa margir þeirra eituráhrif á vatnalífverur jafnvel í tiltölulega lágum styrk og geta auk þess safnast fyrir í fiskum. Þeir málmar sem notaðir eru við flokkunina eru kopar (Cu), zink (Zn), kadmíum (Cd), blý (Pb), króm (Cr), nikkell (Ni) og arsen (As).

Mengun af völdum málma

Málmar geta verið í margföldum náttúrulegum styrk þar sem iðnaðarmengun er til staðar, s.s. frá málmhúðunarfyrirtækjum. Mikið af málmamenguninni tengist hinsvegar bifreiðum. Zink og blý koma m.a. við dekkjaslit, úr vélaolíu og vélafeiti en zink kemur einnig af zinkhúðuðu járn, s.s. bárujárni og blý auk þess við leguslit og úr kælivökvum. Kopar kemur við slit lega, vélarhluta og bremsuborða en einnig úr kælivökvum og vissum fúavarnarefnum sem innihalda kopar. Kadmíum kemur við dekkjaslit og úr tilbúnum áburði. Króm kemur m.a. við slit á vélarhlutum og bremsuborðum. Nikkel kemur úr díselolíu og bensíni, smurolíu, malbiki og við slit bremsuborða. Arsen kemur m.a. úr eldsneyti. Málmamengun getur einnig borist sem aðskotaefni úr salti sem borið er á götur. Mengunin getur bæði verið í formi uppleystra og fastra málma og málmsambanda. Í föstu formi geta þeir safnast fyrir í seti og borist þaðan upp í vatnið að nýju, m.a. við upprót eða í gegnum fæðukeðjuna.

Aðrir þættir

Aðrir þættir sem mældir voru, pH, leiðni og hitastig, eru ekki flokkunarþættir heldur er fyrst og fremst ætlað að gefa gleggri mynd af viðkomandi vatnsfalli. pH ræðst aðallega af ferli upprunavatsins, jarðefnafræðilegum þáttum og lífrænum efnaskiptaferlum (frumframleiðni og öndun) en leiðni er mælikvarði á heildarstyrk uppleystra jóna í vatninu og ræðst af jarðefna- og vatnafræðilegri sögu vatnsins, fjarlægð frá sjó og mengunarálagi.


Lýsing á ánum

Almennt


Árnar tilheyrja allar sama vatnakerfi. Suðurá og Hólmsá renna í Elliðavatn og Elliðaár úr því. Vatnasvið Suðurrár og Hólmsár er því hluti af vatnasviði Elliðaáa. Í Elliðavatn falla auk þess tveir lækir, lækur úr Hrauntúns- og Kirkjuhólmatjörnum og Myllulækur og í það streymir víða vatn um lindir á botni og fjöruborði þess (Jón Kristjánsson 2002, 2003). Elliðavatn er 76,5 m.y.s., meðaldýpi þess er 1,0 m og flatarmál 2,02 km² (Jórunn Harðardóttir o.fl. 2002). Reiknaður uppistöðutími Elliðavatns er lítill miðað við mörg önnur stöðuvötn, aðeins 4,6 – 4,9 sólarhringar (Tryggvi Þórðarson 2003k). Vatnið er notað sem miðlunarlón fyrir vatnsaflsstöðina á Elliðaánum en hún er nú eingöngu starfrækt frá 1. október til 31. apríl ár hvert á milli kl. 8 og 16 virka daga (Þorsteinn Ingi Kragh 2004). Elliðavatn var stíflað árið 1924 (Guðmundur Daníelsson 1968). Áður en vatnið var stíflað í þessu skyni féll Hólmsá í Elliðaárnar spölkorn

neðan stíflusæðisins. Elliðaár ofan við þann stað nefndist Dimma og er það nafn stundum notað enn um efsta hluta ána. Miðlunarstífla er auk þess í Elliðaám rétt ofan Höfðabakkabráar, miðja vegu milli stöðva E1 og E2. Stíflan var gerð 1920 - 1921 og rafstöðin tók til starfa árið 1921 (Guðmundur Danielsson 1968). Úr lóninu ofan við þessa stíflu er tekið vatn fyrir Elliðaárstöðina og leitt neðanjarðar að stöðvarhúsinu. Á meðan stöðin er í gangi minnkar vatnið í ánni á milli stíflunnar og stöðvarinnar en ánni er þó ætíð tryggt þar lágmarksrennsli (Þorsteinn Ingi Kragh 2004). Á öðrum tímum er þarna fullt rennsli. Stýring er auk þess á deilingu rennslis á milli austur- og vesturkvíslarinnar og er nú vesturkvíslinni alltaf tryggt lágmarksrennsli (ibid.).


Lengd Elliðaáa að Elliðavatni er 6 km en þaðan að upptökum er 23 km (Sigurjón Rist 1969). Lengd Suðurár er 3,8 km og Hólmsár að Selvatni 10,5 km. Meðalrennsli Suðurár á tímabilinu 1972 - 1998 var $0,38 \text{ m}^3/\text{s}$, Hólmsár $2,26 \text{ m}^3/\text{s}$ og Elliðaár $4,75 \text{ m}^3/\text{s}$ (Axel Valur Birgisson o.fl. 1999). Sextíu og fimm ára meðalrennsli við Elliðaárstöð er hinsvegar $5,03 \text{ m}^3/\text{s}$ (Gagnabanki Vatnamælinga 1996). Nýjar upplýsingar frá vatnamælingadeild Orkustofnunnar sýna $0,37 \text{ m}^3/\text{s}$ meðalrennsli fyrir Suðará (30 ár), $2,14 \text{ m}^3/\text{s}$ fyrir Hólmsá (30 ár) og $4,56 \text{ m}^3/\text{s}$ fyrir Elliðaárnar við Heyvað (28 ár) en Heyvað er efst í ánum (Vatnamælingar Orkustofnun 2004). Það sem á innrennslið í Elliðavatn vantar, um $2 \text{ m}^2/\text{s}$, er rennsli lækjanna sem í Elliðavatn renna og lindanna á botni þess auk vatns sem bætist í Suðará og Hólmsá af neðsta hluta vatnsviðs þeirra en vatnsæðarmælistöðvarnar við árnar þrjár eru nokkuð frá ósum þeirra. Á myndum 2 - 4 er sýnt meðalrennsli Suðurár (30 ár), Hólmsár (30 ár) og Elliðaáa við Heyvað (28 ár) og rennsli það sem mældist á sýnatökudögnum. Myndirnar eru byggðar á gögnum frá Vatnamælingum Orkustofnunar (Vatnamælingar Orkustofnun 2004). Í þau vantar rennslistölur fyrir 3 - 4 síðustu sýnatökudagana. Vatnshæðarstöðin í Suðará er staðsett ofan við þann stað sem vatn úr Hólmsá berst í ána.



Mynd 2. Rennsli í Suðará. Samanburður á meðalrennsli og rennsli á sýnatökudögnum.



Mynd 3. Rennsli Hólmsár. Samanburður á meðalrennsli og rennsli á sýnatökudögnum.



Mynd 4. Rennsli Elliðaárna við Heyvað. Samanburður á meðalrennsli og rennsli á sýnatökudögnum.

Fram kemur á myndunum að fyrri hluta ársins var rennsli allra ána talsvert yfir meðalrennsli en seinni hluta ársins í flestum tilvikum lítillega undir því, eins langt og gögnin ná. Mikið rennsli í ánum fellur saman við það tímabil sem vatn var í Fossvallaá.

Hólmsá⁵ á sér tvenn upptök. Hefðbundin upptök árinna eru í Selvatni. Næst þeim upptökunum heitir áin Gudduós eða Ós allt að þeim stað sem í hana fellur afrennsli frá

⁵ Neðsti kaflinn þar sem bugður eru áberandi á ánni heitir hún Bugða. Til einföldunar er í skýrslunni eingöngu notast við nafnið Hólmsá.

Nátthagavatni, sem í raun er einungis tjörn. Í Nátthagavatn fellur Fossvallaá sem kemur af svæði norðan við Sandskeið frá Vatnavöllum að Bolaöldu en þar eru Fóelluvötn, samansafn hverfulla smátjarna og polla. Í Fossvallaá fellur einnig Lyklafellsá sem á upptök við vestan í Lyklafelli. Þetta eru hin upptök Hólmsár. Fossvallaá er hverful og stundum að mestu vatnslaus langtímum saman. Hún á þó til að verða mjög vatnsmikil í leysingum ef jörð er frosin eða eftir langvarandi rigningatið þegar grunnvatnsstaða er há en þá fær hún aðsig frá gunnvatni. Rennsli Hólmsár er meira á veturna en á sumrin og getur aukist þegar grunnvatn stendur óvenju hátt (Axel Valur Birgisson o.fl. 1999). Vafalaust á Fossvallaá mestan þátt í því. Þegar Fossvallaá er þurr fær Hólmsá lítið sem ekkert af því vatni sem fellur sem úrkoma á vatnsviði Fossvallaár og Lyklafellsár því það berst þá að mestu burtu með grunnvatnsstraumum. Í Lækjarbotnum og á Fossvöllum eru lindir sem fæða Nátthagavatn. Í Hólmsána fellur auk þess lækurinn Botnalækur sem rennur undir Suðurlandsveg rétt vestan við Lækjabotna. Hann kemur frá Selfjalli og nágrenni.

Suðurá á upptök sín í lindum við Silungapoll sem er við hraunjaðar Hólmskrauna (Axel Valur Birgisson o.fl. 1999). Í Suðurá fellur kvísl úr Hólmsá við svokölluð Ármót og sennilega er hlutur Hólmsárvatnsins í ánni að jafnaði meiri, a.m.k. þegar rennsli í Hólmsá er um eða yfir meðallagi. Í Suðurá fellur auk þess afrennsli frá Hrauntúnstjörn og Kirkjuhólmatjörn sem báðar liggja innan brunnsvæða vatnsbólanna. Áður fyrr mun Fossvallaá að mestu hafa fallið í Suðurá (Guðmundur Daníelsson 1968) en farvegnum hefur sennilega verið breytt, hugsanlega vegna vatnsverndarsjónarmiða og í tengslum við lagningu Suðurlandsvegjar.

Vatnasvið Elliðaáanna nær í norður langt inn á Mosfellsheiði, í austur að Hengli og lengst í suður nokkuð suður af Bláfjöllum. Við Rafstöðina, sem er skammt neðan stöðvar E2, er vatnasvið Elliðaáa talið 280 km² (Sigurjón Rist 1969) en allt vatnasviðið er talið 286 km² (Línuhönnun verkfræðistofa 2002). Af því er um 200 km² einnig vatnasvið Hólmsár og um 10 km² vatnasvið Suðurár áður en kvísl Hólmsár sameinast henni (Axel Valur Birgisson o.fl. 1999). Vatnasviðið er víðast mjög lekt svo að á stórum svæðum þess er yfirborðsvatn venjulega ekki að finna. Áætlað er að allt að 75% af úrkomu sem fellur á vatnasviði Hólmsár tapist út af vatnasviðinu sem grunnvatn (ibid.).

Stærsti hluti vatnasviðs Elliðaáa er vatnsverndarsvæði. Vatnstaka Orkuveitu Reykjavíkur er hinsvegar ekki talin hafa áhrif á rennsli til Elliðavatns (Axel Valur Birgisson o.fl. 1999).

Í árána rás hefur farvegum ána verið talsvert breytt af manna völdum (Þórólfur Antonsson & Sigurður Guðjónsson 1998). Vatnasvið Elliðaáa í Elliðaárdal, frá upptökum í Elliðavatni allt til ósa eru á náttúruminjaskrá (Umhverfisstofnun ríkisins 2003). Sömu leiðis Myllulækjartjörn, Myllulækur og mýrin norðan og austan tjarnarinnar. Elliðaá er góð laxveiðiá og lax veiðist einnig í Hólmsá og Suðurá. Bleikja og urriði eru einnig algeng í vatnakerfinu.

Mannleg umsvif og mengunarálag

Vatnasvið Elliðaáa er að mestu enn ósnortið og nær óbyggt en talsverð byggð er þó á því neðanverðu, þ.e. við Elliðavatn og umhverfis Elliðaárdal. Í Elliðaárdal er stórt hesthúsahverfi og aðstaða fyrir hestamenn og víða á norðanverðu vatnasviði

Ellidaánnu eru reiðvegir sem talsvert eru notaðir. Á svæði Fáks við Víðidal einu eru jafnan um 1.300 hestar (Árni Hjartarson o.fl. 1998). Við Elliðavatn er auk þess sumarhúsabyggð, sauðfjárbú og hænsnabú. Upp með Hólmsá eru einnig sumar- og heilsársbústaðir og hesthús auk þess sem þar er malarvinnsla. Meðfram Suðurá eru einnig nokkrir sumarhústaðir í hraunjaðrinum. Á austanverðu vatnasviðinu er að finna flugvöll, malarnámu, leikskóla og veitingaskála. Á útjaðri þess í austur og suðaustur eru helstu skíðasvæði höfuðborgarsvæðisins. Íbúðarhús í hverfum umhverfis Elliðaárdalinn og við Elliðavatn eru tengd tvöföldu fráveitukerfi með útrás fyrir skólþ í sjó fram. Ofanvatn af þéttum manngerðum flötum í skiplegum hverfum rennur í Elliðaárna um ofanvatnskerfið. Ekki er vitað um beina losun skólþs í árnar en líklegt er að í einhverjum tilvikum geti verið um rangtengingar húsa við ofanvatnskerfið að ræða. Slíkar rangtengingar munu geta valdið því að skólþ berist í Elliðaárna um ofanvatnskerfið. Afrennsli rotþróa við stök hús og sumarhústaði kann einnig að eiga þátt í auknu álagi á árnar.

Niðurstöður og umfjöllun um niðurstöður

Niðurstöður eru birtar í heild sinni í töflum D - I í viðauka við skýrsluna. Í töflu 4 eru gefin meðaltöl þeirra þátta sem flokkað er eftir. Þar eru einnig gefin sambærileg⁶ meðaltöl fyrir árnar Botnsá, Brynjudalsá, Fossá og Kiðafellsá á Suðvesturlandi (Tryggvi Þórðarson 2003a, 2003b, 2003d, 2003f), fyrir árnar Eyjafjarðará, Glerá, Hörgá og Svarfaðardalsá í Eyjafirði (Tryggvi Þórðarson 2004) og Elliðavatn (Tryggvi Þórðarson 2003k). Í töflunni er til samanburðar einnig sýndur meðalstyrkur í úrkomu í Reykjavík og við Írafoss (Kevin Barrett 2002).

Tafla 4. Meðaltöl fyrir flokkunarþætti 2002-2003.

Til samanburðar eru einnig sýnd meðaltöl fyrir fjórar ár á Suðvesturlandi, þrjár ár á Norðurlandi og meðalstyrk úrkomu í Reykjavík og við Írafoss.

	Meðaltal Botnsár, Brynjudalsár, Fossár og Kiðafellsár	Meðaltal Eyjafjarðará, Glerár, Hörgár og Svarfaðardalsár,	Meðaltal úrkomu í Reykjavík og á Írafossi	Elliðavatn	Suðurá	Hólmsá	Elliðaár			
							Efri hluti	Austurkvísl	Vesturkvísl	
					S1	H1	E1	E2	E3	E4
Saurkólí í 100 ml	6	31		0,6	4	11	7	10	9	120
Enterókokkar í 100 ml				0,4	2	9	2	5	6	49
t-P (µg/l)	13,0	24		16,4	8,1	6,1	7,0	7,6	7,0	12,9
PO ₄ -P (µg/l)	7,4	7		5,48	8,0	5,4	6,6	6,3	6,4	7,2
t-N (µg/l)	96	156	233*	81	85	100	98	141	221	380
NH ₄ -N (µg/l)	7,2	15,1	172	21,5	5,75	5,40	6,32	6,01	5,95	7,39
TOC (mg/l)	1,23	1,31		4,8	1,13	1,28	1,68	1,80	1,95	2,17
Cu (µg/l)	0,449	1,64	1,313	0,597	0,412	0,323	0,448	0,551	0,590	1,695
Zn (µg/l)	24,30	2,32	10,651	<0,738	0,87	0,77	0,84	1,03	1,80	3,28
Cd (µg/l)	0,023	0,041	0,013	<0,027	<0,006	<0,006	<0,006	<0,006	<0,007	<0,010
Pb (µg/l)	0,048	0,069	0,278	0,0314	0,018	0,017	0,026	0,023	0,040	0,188
Cr (µg/l)	0,689	0,490	0,221	1,31	0,954	0,976	0,959	1,023	1,012	1,031
Ni (µg/l)	0,449	0,421	0,522	0,307	0,308	0,289	0,269	0,330	0,406	0,867
As (µg/l)	0,101	0,068	0,032	<0,068	0,171	0,157	0,165	0,185	0,184	0,211

*NO₃-N og NH₄-N

⁶ Við útreikning miðsæknigildis fyrir hverja á var stuðst við sömu aðferðarfræði og hér er gert. Í tölunum fyrir Elliðavatn var þó ekki beitt prófun á normal og lognormaldreifingu. Þar var hinsvegar notað geometriskt meðaltal fyrir saurbakteriur en meðaltal fyrir önnur gildi.

Meðalhitastig var lægst í Suðurá (5,0 °C) en hæst í vesturkvísl Elliðaáa (7,6 °C). Hámarkshitastig var hæst á stöð E3 í austurkvísl Elliðaá (16,3 °C) en lægst í Suðurá (11,1 °C). Meðal- og hámarks-pH var hæst í efstu stöð Elliðaáanna (E1) en það tengist frumframleiðni í Elliðavatni þegar hún er hæst að sumarlagi. Lægsta einstaka pH gildi mældist í Hólmsá (7,47) en meðal-pH var lægst í vesturkvísl Elliðaáa (7,90). Leiðni var að meðaltali mest í vesturkvísl Elliðaáanna (144 µS/cm) en lægst í Hólmsá (88). Ef frá er talin vesturkvíslin var leiðni þó áþekkt á öllum stöðvunum, að meðaltali nálægt 90 µS/cm. Hæsta einstaka leiðnigildi var 276 µS/cm en það mældist í vesturkvíslinni þann 8.1 2004. Líklega tengist það saltburði á götur. Bæði meðaltal flokkunargildanna og hæstu einstaka gildi þeirra voru hæst í vesturkvísl Elliðaáanna (E4). Bendir það til nokkurs mengunarálags þar. Aðeins meðaltal eins þáttar var hærra annarsstaðar, fosfats (PO₄-P) í Suðurá (8,0 µS/cm). Næstmesti meðalstyrkur fosfats var hinsvegar í vesturkvísl Elliðaáanna (7,2 µg/l). Þéttleiki saurbaktería í ánum var yfirleitt í lægri kantinum ef frá er talið í vesturkvísl Elliðaáanna þar sem meðaltalið var 120 saurkólíabakteríur í 100 ml og 49 enterókokkar í 100 ml. Var þéttleiki saurkólíabaktería í ánum þó talsvert minni en mælst hafði í rannsókn sem gerð var á árunum 1969 – 1971 (Sigurður Pétursson 1972). Meðalstyrkur heildarfosförs (t-P) reyndist svipaður í ánum eða á bilinu 6,1 – 8,1 µg/l nema í vesturkvísl Elliðaáanna en þar var hann 12,9 µg/l. Hæsta einstaka gildi fosförs mældist í vesturkvísl Elliðaáanna (38,4 µg/l) í janúar 2004. Meðalstyrkur fosfats var einnig svipaður í ánum eða á bilinu frá 5,4 µg/l í Hólmsá til 8,0 µg/l í Suðurá. Meðalstyrkur bæði heildarköfnunarefnis (t-N) og lífræns kolefnis (TOC) var að jafnaði meiri í Elliðaánum eftir því sem nær dró ósunum. Minnstur var meðalstyrkur þeirra í Suðurá (t-N=85 µg/l og TOC=1,13 mg/l) en mestur í vesturkvísl Elliðaáanna (t-N=380 µg/l og TOC=2,17 mg/l). Meðalstyrkur ammóníaks (NH₄-N) í ánum var á bilinu 2,3 – 18,0 µg/l, einnig minnstur í Suðurá og mestur í vesturkvísl Elliðaáanna. Þegar gildið var hæst í vesturkvíslinni þann 8. janúar 2004 var pH 7,6 og hitastig vatnsins 3,3 °C og eitrunaráhrif því væntanlega lítil. Eitrunaráhrif ammóníaks hafa væntanlega orðið mest í efri hluta Elliðaáanna þann 24. júlí 2003 en þá var styrkur þess 17,4 µg/l samtímis því að pH var rúmlega 9,8 og hitastig vatnsins 15,7 °C. Meðalstyrkur málma var svipaður á sýnatökustöðunum en var þó heldur meiri við ósa Elliðaáanna, sérstaklega í vesturkvíslinni. Er það væntanlega vegna mengunar af völdum ofanvatns.

Sýrustig (pH) var að jafnaði hærra að sumarlagi⁷ en vetrarlagi⁸. Mestu munar þar á stöð E1 efst í Elliðaánum, vegna árstíðamunar í frumframleiðninni í Elliðavatni. Meðalleiðni að vetrarlagi var lítilllega hærri en að sumarlagi á öllum stöðum en mest þó í vesturkvísl Elliðaáanna, 51%. Líklega er hækkunin í vesturkvíslinni vegna áhrifa frá saltburði á götur að vetrarlagi. Meðalþéttleiki saurbaktería var ýmist minnstur eða mestur að vetrarlagi. Meðaltal heildarbakteríuþéttleika var yfirleitt hærra að vetrarlagi en að sumarlagi. Á það bæði við bakteríur ræktanlegar við 22 °C og 37 °C. Meðalstyrkur heildarfosförs var á öllum stöðvunum meiri að vetrarlagi og sömuleiðis fosfats í Suðurá, Hólmsá og á efstu stöðinni í Elliðaánum (E1). Á neðri stöðunum í Elliðaánum var meðalstyrkur fosfatsins hinsvegar meiri um veturinn. Fyrir önnur efni var ekki um merkjanlega reglu á styrk þeirra eftir þessari skiptingu ársins.

⁷ Sumar er hér talið frá miðjum apríl til loka október.

⁸ Vetur telst hér vera frá og með nóvember til miðs apríl.

Flokkun

Náttúrulegt ástand

Viðmiðanir

Við ákvörðun á náttúrulegu ástandi verður reynt að hafa að leiðarljósi ástand svipað því sem líklega hefur verið fyrir tæknibyltinguna í iðnaði og landbúnaði sem hófst aðalega um og upp úr aldamótunum 1900. Undantekningin eru saurbakteríur sem aðeins er gert ráð fyrir að séu upprunnar frá villtum dýrum í náttúrulegu ástandi árinna.

Náttúrulegt ástand er hér fyrst áætlað sem ákveðin gildi fyrir hvern matsþátt og svo flokkað samkvæmt þeim gildum í viðkomandi umhverfismarkaflokk sem ætlað er skv. reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns að lýsa náttúrulegu ástandi árinna.

Beinar mælingar frá því áður en áhrifa mannsins fór að gæta skortir í þeim ám sem hér er fjallað um og er ákvörðun náttúrulegs ástandi í raun ágiskun byggð á eins sterkum líkum og hægt er á grundvelli almennrar vitneskju og tiltækra gagna. Nákvæmin við mat á náttúrulegu ástandi árinna er því ekki mikil og er nauðsynlegt við alla frekari vinnu að endurskoða mat á náttúrulegu ástandi jafnóðum og nýjar upplýsingar koma fram sem geta varpað betra ljósi á hvert það sé. Minniháttar leiðrétting á ónákvæmi af þessum sökum mun þó að jafnaði ekki hafa áhrif á mengunarflokkun árinna því mengunarflokkunin byggir á flokkun náttúrulegs ástands í umhverfismarkaflokk sem borinn er saman við samskonar flokkun fyrir raunverulegt ástand. Aðeins þegar náttúrulegt gildi er á mörkum umhverfismarkaflokka gæti smávægileg leiðrétting skipt máli við flokkunina.

Næringarefni

Styrkur fosfórs í yfirborðsvatni í heiminum er oftast á bilinu 0,005 – 0,020 mg/l PO₄-P en í ósnortnum vötnum allt niður í 0,001 mg/l (Deborah Chapman 1996). Á Íslandi er efnaveðrun meiri en víðast annarsstaðar (Sigurður R. Gíslason & Stefán Arnórsson 1988) en á móti kemur styttri tími til efnaveðrunar og meiri úrkoma sem þynnir efnin út (Sigurður Reynir Gíslason 1993). Í ýmsum ám á Suðurlandi reyndist uppleysti hluti heildarfosfórs oftast vera á bilinu um 0,009 – 0,030 mg/l (Eydís Salome Eiríksdóttir o.fl. 1999). Að jafnaði er fastur hluti fosfórs í ám heimsins um tífadur uppleysti hlutinn (Elizabeth Kay Berner & Robert A. Berner 1996). Heildarfosfór (t-P) í 39 íslenskum stöðuvötnum var undir 0,008 mg/l í 50% tilvika og undir 0,060 mg/l í 90% tilvika (Brit Lise Skjelkvale o.fl. 2001). Einnig liggja fyrir niðurstöður frá samskonar mengunarflokkunum á öðrum ám (Tryggvi Þórðarson 2003a, 2003b, 2003c, 2003d, 2003e, 2003f, 2003g, 2003h, 2003i, 2003j). Sambærilegar tölur fyrir Úlfarsá, Köldukvísl, Laxá í Kjós, Bugðu, Leirvogsa, Kiðafellsá, Fossa, Brynjudalsá og Botnsá eru 0,009 mg/l og 0,018 mg/l. Ef Varmá í Mosfellsbæ er tekin með eru tölurnar 0,009 mg/l og 0,037 mg/l en í Varmá rann talsvert skólp.

Í ósnortnum vötnum er ammóníak (NH₄-N) venjulega fremur lítið og nítrít (NO₂-N) lítið sem ekkert, oft ekki mælanlegt. Náttúrulegt nítrat (NO₃-N) er venjulega undir 0,1 mg/l (Deborah Chapman 1996) en í íslenskum stöðuvötnum var

miðgildisstyrkurinn undir 0,001 mg/l (Brit Lise Skjelkvale o.fl. 2001), sem verður að teljast afar lágt. Í könnun á sunnlenskum ám reyndist meðalstyrkur uppleysta hluta heildarköfnunarefnis (t-N) oftast vera á bilinu um 0,03 – 0,07 mg/l (Brit Lise Skjelkvale o.fl. 2001). Inn í þessi gildi vantar hinsvegar fastan hluta köfnunarefnis en köfnunarefni í náttúrulegu vatni er að talsverðu leyti bundið í lífrænu efni (Brit Lise Skjelkvale o.fl. 2001). Á heimsvísu er náttúrulegt fast köfnunarefni í ám um þriðjungji meira en náttúrulegt uppleyst köfnunarefni (Elizabeth Kay Berner & Robert A. Berner 1996). Í 39 íslenskum stöðuvötnum var heildarköfnunarefni undir 0,125 mg/l í 50% tilvika og undir 0,359 mg/l í 90% tilvika (Brit Lise Skjelkvale o.fl. 2001). Einnig liggja fyrir niðurstöður frá samskonar mengunarflokkunum á öðrum ám (Tryggvi Þórðarson 2003a, 2003b, 2003c, 2003d, 2003e, 2003f, 2003g, 2003h, 2003i, 2003j). Sambærilegar tölur þaðan yfir heildarköfnunarefni í Úlfarsá, Köldukvísl, Laxá í Kjós, Bugðu, Leirvogsa, Kiðafellsá, Fossá, Brynjudalsá og Botnsá eru 0,065 mg/l og 0,269 mg/l. Ef Varmá í Mosfellsbæ er tekin með eru tölurnar 0,070 mg/l og 0,639 mg/l. Fyrir ammóníak voru tölurnar 0,010 mg/l og 0,011 mg/l án Varmár en 0,010 mg/l og 0,021 mg/l með Varmá.

Lífrænt efni

Náttúrulegt gildi heildarmagns lífræns efnis fyrir íslenskar ár er illa þekkt. Heildarstyrkur uppleysts lífræns kolefnis er í réttu hlutfalli við hlutfall votlendis á vatnsviði fallvatna og hlutfall votlendis í námunda við stöðuvötn (S. E. Gergel o.fl. 1999). Ætla má einnig að framræsla mýra auki magn uppleysta lífrænna niðurbrotsefna sem berast í vötn. Að meðaltali er styrkur heildar lífræns kolefnis (TOC) í ám heimsins 9,9 mg/l og uppleysti hluti þess 55% (AMAP 1997). Styrkur uppleysts náttúrulegs lífræns efnis í ám, mælt sem TOC, er að jafnaði 5 mg/l fyrir alla jörðina en á Norðurlöndunum yfirleitt á bilinu 5-30 mg/l (Rolf D. Vogt o.fl. 2001). Vegna fremur lágs meðalhita á Íslandi, sem ekki örvar niðurbrot uppsafnaðs lífræns efnis í jarðvegi þannig að lífræn niðurbrotsefni skili sér út í yfirborðsvatn, tiltölulegra mikillar úrkomu, sem þynnir út niðurbrotsefnin í vatninu og jarðvegi sem víða vantar að mestu lífræn efni, má búast við að styrkur náttúrulegs lífræns uppleysts efnis í yfirborðsvatni á Íslandi séu yfirleitt lágur og vel undir heimsmeðaltali. Efnagreiningar á heildarmagni lífræns kolefnis í íslensku vatni vantar almennt ennþá. Til eru þó mælingar gerðar í 39 íslenskum stöðuvötnum (Brit Lise Skjelkvale o.fl. 2001) sem sýna að styrkur heildar lífræns kolefnis var undir 1,0 mg/l í 50% tilvika og undir 2,3 mg/l í 90% tilvika. Einnig liggja fyrir niðurstöður frá flokkunum á öðrum ám (Tryggvi Þórðarson 2003a, 2003b, 2003c, 2003d, 2003e, 2003f, 2003g, 2003h, 2003i, 2003j). Sambærilegar tölur yfir heildarkolefni í Úlfarsá, Köldukvísl, Laxá í Kjós, Bugðu, Leirvogsa, Kiðafellsá, Fossá, Brynjudalsá og Botnsá eru 2,10 mg/l og 3,88 mg/l. Ef Varmá í Mosfellsbæ er tekin með eru tölurnar 2,37 mg/l og 4,75 mg/l. Meðaltal heildarmagns lífræns kolefnis í Úlfarsá, Köldukvísl, Leirvogsa, Bugðu og Laxá í Kjós var 3,2 mg/l en í Kiðafellsá, Fossá, Brynjudalsá og Botnsá 1,2 mg/l (sjá töflu 4). Ekki eru þessar ár algerlega ósnortnar svo ekki er útilokað að við að viss hluti lífræns kolefnis í sumum þeirra sé frá athöfnum mannsins kominn.

Málmar

Lágur styrkur málma í íslenskum ám er talinn vera náttúrulegur bakgrunnsstyrkur þeirra héraðs (Hollustuvernd ríkisins 2002). Til eru upplýsingar um styrk málma í ýmsum ám á landinu, m.a. á Norðurlandi eystra en gildin eru flest aðeins yfir uppleysta málma og því erfið til samanburðar. Vegna flokkunar á öðrum ám liggja þó fyrir efnagreiningar á heildarmálmum í 10-12 sýnum úr hverri af ánum Úlfarsá,

Köldukvísl, Leirvogsa, Bugðu, Laxá í Kjós, Kiðafellsá, Fossá, Brynjudalsá og Botnsá (Tryggvi Þórðarson 2003i, 2003e, 2003h, 2003c, 2003g, 2003f, 2003d, 2003b, 2003a). Þessar ár eru á sama landssvæði og því vel hæfar til viðmiðunar innbyrðis með þeim fyrirvara að gróðurfar, stærð vatnasviðs, landslag og lekt berg- og jarðgrunns á vatnasviði þeirra er eitthvað mismunandi. Jafnframt verður að hafa í huga að strangt til tekið er engin þessara áa alveg ósnortin.

Úrkoma

Í úrkomu eru ýmiss þeirra efna sem flokkun vatna byggist á. Gera má ráð fyrir að ofanvatn sem hripar um jarðveg losi sig við talsvert af uppleystu efnunum sem fylgja úrkomunni en bæti við sig öðrum. Hversu mikið hverfur er m.a. háð eiginleikum efnanna, jarðvegi, gróðurfari, árstíma, tímanum sem vatnið er í snertingu við bergið og jarðveginn og tímanum sem það hefur verið í viðkomandi vatni. Tíminn frá því að vatn í tilteknu sýni úr vötnum féll sem úrkoma er að jafnaði því styttri sem lektin á vatnasviðinu er minni.

Svæðisbundinn munur

Á svæðum með þéttan berggrunn hefur hlutfallslega minna af vatninu viðkomu í berglögum en á lekum svæðum gosbeltisins og hefur því tekið minna til sín af efnunum úr bergi. Gera má ráð fyrir að á þéttum svæðum stafi munur í styrk náttúrulegra efna frá einum stað til annars að talsverðu leyti af mun á gróðurfari og lausum jarðlögum á vatnasviðum þeirra en einnig af því hversu mörg og stór stöðuvötn eru á vatnakerfinu.

Mengunarflokkun

Í töflu 5 er sýnt mat á raunverulegu og náttúrulegu ástandi ána. Þar eru sýnd mæld gildi og þau gildi sem talið er að einkenni náttúrulegt ástand ána og þeir umhverfismarkaflokkar sem eiga við hvort gildi um sig. Mat á náttúrulegum gildum er að mestu byggt á samanburði þessara gagna og almennri vitneskju um eiginleika vatnasviðanna og umsvif á þeim að teknu tilliti til eiginleika matspáttanna og þeirra atriða sem rakin hafa verið hér að framan.

Munurinn á umhverfismarkaflokkum fyrir raunverulegt og náttúrulegt ástand segir til um mengunarflokkunina. Í töflu A í viðauka er sýnt nákvæmlega hvernig ákveðinn munur gefur ákveðna mengunarflokkun. Mengunarflokkun Suðurár, Hólmsár og Elliðaáa er gefin í töflu 6.

Flokkun Hólmsár á grundvelli meðalþéttleika saurbaktería gæfi umhverfismarkaflokk I en vegna þess að þéttleikinn reyndist vera 14 bakteríur í 100 ml eða meira í yfir 10% tilvika fellur áin í umhverfismarkaflokk II. Þetta hefur áhrif mengunarflokkun árinna.

Allar mælingar á kadmíum (Cd) voru undir greiningarmörkum. Meðaltal þessara greiningarmarkanna fyrir vesturkvísl Elliðaána voru örlítið yfir mörkin milli umhverfismarkaflokks I og II. Engu að síður er talið líklegt að vesturkvíslin eigi að lenda í umhverfismarkaflokki I en II og er gengið út frá því hér. Fyrir bragðið flokkast vesturkvíslin í mengunarflokk A fyrir kadmíum í stað B.

Árnar koma fremur vel út úr flokkuninni. Vesturkvísl Elliðaá hlýtur verstu flokkunina og Hólmsá þá næstverstu. Aðrar ár eða árkaflar flokkast í öllum tilvikum í mengunarflokk A.

Tafla 5. Mat á raunverulegu og náttúrulegu ástandi Suðurár, Hólmsár og Elliðaáa.

Taflan sýnir meðaltal mældra gilda á rannsóknatímanum og raunverulegt og áætlað náttúrulegt ástand árinna bæði sem styrk og umhverfismarkaflokk.
MG= Mæld gildi, **ÁG**= Áætluð gildi, **UF**= Umhverfismarkaflokkur.

	Suðurá (S1)				Hólmsá (H1)				Elliðaár (E1)				Elliðaár (E2)				Elliðaár (E3)				Elliðaár (E4)			
	Raunverulegt ástand		Náttúrulegt ástand		Raunverulegt ástand		Náttúrulegt ástand		Raunverulegt ástand		Náttúrulegt ástand		Raunverulegt ástand		Náttúrulegt ástand		Raunverulegt ástand		Náttúrulegt ástand		Raunverulegt ástand		Náttúrulegt ástand	
	MG	UF	ÁG	UF	MG	UF	ÁG	UF	MG	UF	ÁG	UF	MG	UF	ÁG	UF	MG	UF	ÁG	UF	MG	UF	ÁG	UF
Saur-kólí í 100 ml	4	I	4	I	11	II*	6	I	7	I	5	I	10	I	5	I	9	I	5	I	120	III	5	I
Enterókokkar í 100 ml	2	I	2	I	9	II*	4	I	2	I	3	I	5	I	3	I	6	I	3	I	49	II	3	I
t-P (µg/l)	8,1	I	8	I	6,1	I	8	I	7,0	I	8	I	7,6	I	8	I	7,0	I	8	I	12,9	I	8	I
PO ₄ -P (µg/l)	8,0	I	8	I	5,4	I	6	I	6,6	I	6	I	6,3	I	6	I	6,4	I	6	I	7,2	I	6	I
t-N (µg/l)	85	I	110	I	100	I	110	I	98	I	110	I	141	I	110	I	221	I	110	I	380	II	110	I
NH ₄ -N (µg/l)	5,75	I	6	I	5,40	I	6	I	6,32	I	6	I	6,01	I	6	I	5,95	I	6	I	7,39	I	6	I
TOC (mg/l)	1,13	I	1	I	1,28	I	1	I	1,68	II	2	II	1,80	II	2	II	1,95	II	2	II	2,17	II	2	II
Cu (µg/l)	0,412	I	0,6	II	0,323	I	0,6	II	0,448	I	0,6	II	0,551	II	0,6	II	0,590	II	0,6	II	1,695	II	0,6	II
Zn (µg/l)	0,87	I	0,8	I	0,77	I	0,8	I	0,84	I	0,8	I	1,03	I	0,8	I	1,80	I	0,8	I	3,28	I	0,8	I
Cd (µg/l)	<0,006	I	0,004	I	<0,006	I	0,004	I	<0,006	I	0,004	I	<0,006	I	0,004	I	<0,007	I	0,004	I	<0,010	I	0,004	I
Pb (µg/l)	0,018	I	0,02	I	0,017	I	0,02	I	0,026	I	0,02	I	0,023	I	0,02	I	0,040	I	0,02	I	0,188	I	0,02	I
Cr (µg/l)	0,954	II	1	II	0,976	II	1	II	0,959	II	1	II	1,023	II	1	II	1,012	II	1	II	1,031	II	1	II
Ni (µg/l)	0,308	I	0,3	I	0,289	I	0,3	I	0,269	I	0,3	I	0,330	I	0,3	I	0,406	I	0,3	I	0,867	II	0,3	I
As (µg/l)	0,171	I	0,1	I	0,157	I	0,1	I	0,165	I	0,1	I	0,185	I	0,1	I	0,184	I	0,1	I	0,211	I	0,1	I

* >10% tilvika upp í 43/100 ml.

Tafla 6. Mengunarflokkun Suðurár, Hólmsár og Elliðaáa.

	Suðurá (S1)			Hólmsá (H1)			Elliðaár (E1)			Elliðaár (E2)			Elliðaár (E3)			Elliðaár (E4)		
	Raun- veru- legt ást- and	Nátt- úru- legt ást- and	Meng- unar- ást- and	Raun- veru- legt ást- and	úru- legt ást- and	Meng- unar- ást- and	Raun- veru- legt ást- and	Nátt- úru- legt ást- and	Meng- unar- ást- and	Raun- veru- legt ást- and	Nátt- úru- legt ást- and	Meng- unar- ást- and	Raun- veru- legt ást- and	Nátt- úru- legt ást- and	Meng- unar- ást- and	Raun- veru- legt ást- and	Nátt- úru- legt ást- and	Meng- unar- ást- and
Saur- kólí	I	I	A	II*	I	B	I	I	A	I	I	A	I	I	A	III	I	C
Enteró- kokkar	I		A	II*	I	B	I	I	A	I	I	A	I	I	A	II	I	B
t-P	I	I	A	I	I	A	I	I	A	I	I	A	I	I	A	I	I	A
PO ₄ -P	I	I	A	I	I	A	I	I	A	I	I	A	I	I	A	I	I	A
t-N	I	I	A	I	I	A	I	I	A	I	I	A	I	I	A	II	I	B
NH ₄ -N	I	I	A	I	I	A	I	I	A	I	I	A	I	I	A	I	I	A
TOC	I	I	A	I	I	A	II	II	A	II	II	A	II	II	A	II	II	A
Cu	I	II	A	I	II	A	I	II	A	II	II	A	II	II	A	II	II	A
Zn	I	I	A	I	I	A	I	I	A	I	I	A	I	I	A	I	I	A
Cd	I	I	A	I	I	A	I	I	A	I	I	A	I	I	A	I	I	A
Pb	I	I	A	I	I	A	I	I	A	I	I	A	I	I	A	I	I	A
Cr	II	II	A	II	II	A	II	II	A	II	II	A	II	II	A	II	II	A
Ni	I	I	A	I	I	A	I	I	A	I	I	A	I	I	A	II	I	B
As	I	I	A	I	I	A	I	I	A	I	I	A	I	I	A	I	I	A

* >10% tilvika upp í 43/100 ml.

Mengunarálag á árnar

Hægt er að skoða merki mengunarálags út frá niðurstöðum mælinganna og ákvörðuðum náttúrulegum styrk mengunarefnanna í ánum. Í töflu 7 eru gefin hlutfallsleg frávik meðaltala mæligilda frá ákvörðuðum náttúrulegum styrk (%). Má líta á tölurnar sem grófan mælikvarða á mengunarálagið. Óvissan í notkun talnanna felst í óvissunni við ákvörðun náttúrulegu gildanna og náttúrulegum og tilviljunarkenndum sveiflum í mæligildunum. Gildi fyrir einstaka mælipætti þarf því að túlka með varúð. Hér er gengið út frá því að meðaltal allra hlutfallstalna fyrir hverja á eða árkafla gefi þó nokkuð raunsanna mynd af hlutfallslegu heildarálagi á árnar. Kosturinn við að skoða álagið á þennan hátt, í staðinn fyrir á grundvelli mengunarflokkunarinnar, er að mismunurinn á mæligildum og náttúrulegum gildum einstakra mælistöðva kemur hér allur fram en þarf ekki að koma fram í mengunarflokkuninni ef hann liggur allur innan sama umhverfismarkaflokks.

Samkvæmt þessari aðferð hefur álagið verið minnst í efsta hluta Elliðaáanna (E1) en aukist niður eftir ánni. Álagið var mest í vesturkvísl Elliðaáanna (E4), talsvert meira en á öðrum stöðum. Tengist það vafalaust því að rennsli hennar er minna en austurkvíslarinnar.

Tafla 7. Hlutfallslegt álag mengunarpáttá á Suðurá, Hólmsá og Elliðaár.

Taflan sýnir hlutfallslegt frávik frá áætluðum náttúrulegum styrk mælipáttanna.

	Suðurá, %	Hólmsá, %	Elliðaár, %			
			Efsti hluti	Austurkvísl		Vestur- kvísl
				E1	E2	
Saurkólí	-7	84	42	106	78	2300
Enteró- kokkar	21	121	-28	51	106	1530
t-P	1	-24	-13	-4	-12	61
PO ₄ -P	0	-9	10	5	7	20
t-N	-23	-9	-10	29	101	245
NH ₄ -N	-4	-10	5	0	-1	23
TOC	13	28	-16	-10	-2	9
Cu	-31	-46	-25	-8	-2	182
Zn	9	-4	5	29	125	310
Cd	50	49	58	51	64	154
Pb	-11	-14	30	17	102	840
Cr	-5	-2	-4	2	1	3
Ni	3	-4	-10	10	35	189
As	71	57	65	85	84	111
Meðaltal	7	10	5	20	47	283

Tillaga að langtímamarkmiðum

Reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns mælir fyrir um að setja skuli langtímamarkmið fyrir vötn í því skyni að varðveita náttúrulegt ástand þeirra. Þegar náttúrulegt ástand tiltekins vatns er metið sérstaklega flokkast ómengað vatn ætíð í mengunarflokk A ef það er rétt flokkað. Í ljósi þess eru því hér lögð til langtímamarkmið um náttúrulegt ástand (mengunarflokk A) fyrir öll flokkunatriðin í ánum

þremur. Samkvæmt reglugerðinni má hinsvegar setja markmið um mengunarflokk A eða B. Á í B flokki er lítilsháttar menguð.

Litið er svo á að með langtímamarkmiðum sé horft til næstu áratuga og jafnvel öld fram í tímann. Það kunnir því að orka tvímælis að binda sig við tækni- eða lagaleg úr-ræði dagsins í dag við mat á því hvort þurfi að setta sig við einhverja mengun til lang-frama eða ekki. Þar sem vandamál eru á ferðinni beri jafnframt að líta á það sem eðli-legt að langtímamarkmið náist ekki endilega á fáum árum. Í ljósi þessa er lagt til að á nokkra áratuga fresti fari fram endurskoðun langtímamarkmiða. Ef það verður þá metið svo í ljósi reynslunnar að óframkvæmanlegt sé að ná markmiði um náttúrulegt ástand, þ.e. mengunarflokk A, er e.t.v. ástæða til að slaka upp á langtímamarkmiðinu. Hlutar af vatnasviði Suðurár, Hólmsár og Elliðaáanna eru hinsvegar ennþá að talsverðu leyti ósnortnir og stór hluti vatnsins í ánum er lindarvatn að uppruna. Því er gott svig-rúm til að stýra umsvifum og uppbyggingu innan vatnasviðanna á þann hátt að vist-kerfi ána skaðist ekki.

Í töflu 8 er yfirlit yfir hvað tillögurnar merkja gagnvart einstökum flokkunarþáttum í hverri á og hve langt frá markmiðunum hver þáttur er í ánum.

